

# Foreldrahandbók

## Leikskólinn Hólmasól



Stoðirnar þrjár

[Lýðræði - Sköpun - Jafnrétti](#)



## Efnisyfirlit

<b>Velkomin í leikskólann Hólmasól</b>	<b>3</b>
<b>Dvalartími</b>	<b>4</b>
<b>Aðlögun</b>	<b>4</b>
<b>Dagskipulagið okkar</b>	<b>4</b>
<b>Hópatímar</b>	<b>5</b>
<b>Val - frjáls leikur á svæðum</b>	<b>6</b>
<b>Skólafötin</b>	<b>6</b>
<b>Forstofur</b>	<b>6</b>
<b>Töskur barna</b>	<b>7</b>
<b>Að koma og fara</b>	<b>7</b>
<b>Maturinn</b>	<b>7</b>
<b>Foreldrafélag</b>	<b>7</b>
<b>Foreldraráð</b>	<b>7</b>
<b>Foreldrasamtöl</b>	<b>8</b>
<b>Heimasíða/Karellen</b>	<b>8</b>
<b>Fjarvistir barna, veikindi, slys og lyfjagjafir</b>	<b>8</b>
<b>Svefn og hvíld</b>	<b>8</b>
<b>Bílastæðin</b>	<b>9</b>
<b>Að lokum</b>	<b>9</b>

## Velkomin í leikskólann Hólmasól

Hólmasól er 140 barna leikskóli rekinn af Hjallastefnunni með samning við Akureyrarbæ sem er eigandi húsnæðisins. Skólinn skiptist í þrjár einingar, Drengjaeiningu, Stúlknaeiningu og Litlu einingu. Innan hvorrar einingar eru síðan tveir kjarnar sem vinna náið saman. Hver kjarni hefur sinn lit og er allt innan þess kjarna einkennt með þeim lit hvort sem það er stóll, skæri, litur eða annað.

Hjallastefnan er kærleiksmiðuð og skapandi lýðræðisstefna en höfundur hennar er Margrét Pála Ólafsdóttir. Einkennisorð Hjallaskólanna eru [Lýðræði - Sköpun - Jafnrétti](#).

Kynjaskipting og opinn efniviður er einkennandi fyrir Hjallastefnuskóla. Við vinnum eftir [Kynjanámskrá Hjallastefnunnar](#) sem skiptist niður í sex lotur sem unnið er eftir yfir skólaárið, þrjár á haustönn og þrjár á vorönn. Kynjanámskráin skiptist í þjálfun í félagslegri færni og einstaklingslegri færni. Samkvæmt kenningum Hjallastefnunnar þarfnast stúlkur meiri hvatningar í einstaklingsfærni eins og í jákvæðni, frumkvæði, kjarki og krafti en drengir þarfnast meiri hvatningar í félagsfærni eins og að sýna virðingu, æfa samskipti, vináttu og kærleika. Hver lota er fjórar vikur og hefur hver vika sinn lotulykil þar sem sérstök áhersla er á þann þátt þá vikuna en sameinast í lotulok. Á milli lota eru svokallaðar nytjavikur en þá einbeitum við okkur að því að nýta efnivið sem fellur til í leikskólanum og stuðlum þannig enn frekar að endurvinnslu og endurnýtingu.

Lotur haustannar eru:

1. **Agalota** þar sem lotulyklarnir eru virðing, hegðun, kurteisi og framkoma (fél.).
2. **Sjálfstæði** þar sem lotulyklarnir eru sjálfstyrking, sjálfstraust, öryggi og tjáning (einst.).
3. **Samskipti** þar sem lotulyklarnir eru umburðarlyndi, hjálpssemi, víðsýni og samstaða (fél.)

Lotur vorannar eru:

4. **Jákvæðnilota** þar sem lotulyklarnir eru ákveðni, hreinskiptni, bjartsýni og gleði (einst.).
5. **Vináttulota** þar sem lotulyklarnir eru félagsskapur, umhyggja, nálægð og kærleikur (fél.).
6. **Áræðnilota** þar sem lotulyklarnir eru kjarkur, kraftur, virkni og frumkvæði (einst.).

Alla daga vinnum við einnig eftir [meginreglum Hjallastefnunnar](#) sem eru sex talsins og eru settar upp í skýrri forgangsroð. Í þeim birtast hugsjónir okkar, bæði innri þættir eins og þau lífsgildi sem starfsfólk sameinast um; viðhorf, mannskilningur og lífssýn svo og ytri þættir eins og skipulag, starfshættir og aðferðir sem byggja á umræddum hugsjónum og einkenna Hjallastefnuskólana. Markmið meginreglnanna er að byggja upp jákvæða og kærleiksríka skólamenningu og einnig leggja af mörkum til grenndarsamfélags okkar þannig að við getum haft áhrif til góðs hvar sem við komum. Hlutverk meginreglnanna er að tryggja að skólaskipulag og starfsaðferðir séu í fullkomnum takti við hugsjónirnar, frá hinu stærsta til hins smæsta.

- Fyrsta meginregla snýr að **börnum og foreldrum**
- Önnur meginregla snýr að **starfsfólki**
- Þriðja meginregla snýr að **umhverfi**
- Fjórdá meginregla snýr að **efnivið**
- Fimmta meginregla snýr að **náttúru**
- Sjötta meginregla snýr að **samfélagi**

## Dvalartími

Við upphaf leikskólagöngu hittast foreldrar og leikskólastýra og ganga frá leikskólasamningi og ganga frá dvalartíma barnsins. Góð samskipti heimilis og skóla eru okkur mikilvæg og er upplýsingamiðlun margþætt. Gjaldskrá er hin sama og í skólum Akureyrarbæjar. Hægt er að biðja um staka aukatíma og greiða þá fyrir það sérstaklega.

Breytingar á dvalartíma er hægt að senda á holmasol@hjalli.is og er skólastýra þá í sambandi vegna breytingar og samþykkir með svari. Breytingar þarf að biðja um fyrir 20. hvers mánaðar og taka þær taki gildi mánaðarmótin þar á eftir.

Mikilvægt er að láta vita af breytingum á högum barns s.s. hjúskaparstöðu foreldra, breytt lögheimili, símanúmer eða netfang.

Uppsagnartími á leikskólaplássi er einn mánuður og miðast við 1. eða 15. hvers mánaðar.

## Aðlögun

Miðað er við að aðlögun taki fimm daga eða lengur, allt eftir því hvernig gengur. Aðlögun byrjar á klukkustundar heimsókn fyrsta daginn og lengist tíminn smám saman þegar líður á aðlögunina. Barn og foreldrar kynnast leikskólanum, kjarnanum, starfsfólkinu og barnahópnum. Með góðum aðlögunartíma aukast tengslin milli foreldra og starfsfólks.

Aðlögun á milli kjarna sjá hópstjórar um og er það ýmist fyrir eða eftir sumarlokun. Þegar barn er aðlagað á nýja kjarnann geta foreldrar komið í heimsókn á nýja staðinn að aðlögun lokinni.

## Dagskipulagið okkar

Dagskipulagið okkar einkennist af röð, reglu og rúttinu (R-in þrjú). Skólinn opnar 7:45 og taka kennarar á móti börnum og bjóða upp á morgunverð til 8:45. Eftir morgunverð fara börnin í leik á valsvæðum til 9:00. Eftir það skiptist dagurinn í val, hópatíma, hádegismat, hópatíma, nónhressingu og val. Börnin fá ávexti tvisvar á dag, einu sinni að morgni og svo í lok dags áður en þau fara heim.

Dagskrá efri hæðar:

- 7:45 Leikskólinn opnar, morgunmatur til 8:45.  
Frjáls leikur á valsvæðum til 9:00
- 9:00 Söngur og valstund.  
Val á svæðum, frjáls leikur inni og úti.
- 10:45 Hópatími inni eða úti
- 11:45 Hádegismatur
- 12:15 Hvíld  
Hópatími inni eða úti
- 13:45 Nónhressing
- 14:00 Söngur og val  
Valtími, frjáls leikur barna.
- 15:45 Ávextir og rólegur leikur
- 16:15 Leikskólinn lokar.

Dagskrá yngri barnanna er styttri á morgnana þar sem þau borða fyrr og taka lengri hvíld. Þegar líður á árið seinkar hádegismatnum og þar af leiðandi hvíldinni.

Dagskrá neðri hæðar:

- 7:45 Leikskólinn opnar, morgunmatur til 8:45.  
Frjáls leikur á valsvæðum til 9:00
- 9:00 Söngur og valstund.  
Val á svæðum, frjáls leikur inni og úti.
- 10:15 Hópatími inni eða úti
- 11:05/11:20 Hádegismatur
- 11:30/11:45 Hvíld  
Hópatími inni eða úti
- 14:15 Nónhressing
- 14:40 Söngur og val  
Valtími, frjáls leikur barna.
- 15:30 Ávextir, bleiuskipti og rólegur leikur.
- 16:15 Leikskólinn lokar.

## Hópatímar

Í hópatímum er börnunum skipt upp í minni aldursskipta hópa og fylgja þau sama kennara/hópstjóra - allt skólaárið. Hópatímarnir eru fjölbreyttir og fara svolítið eftir áhugasviði hópsins. Þar fara fram öll þau verkefni sem þarfnast fullorðinsaðstoðar og er það hlutverk kennara að auðga starf barnanna, leggja inn lotutengd verkefni, fara í vettvangsferðir, sinna málörvun, frjáls leikur og allt það sem góðu starfi fylgir. Í hópatímum er unnið eftir [námskrá leikskólans](#) og [kynjanámskrá Hjallastefnunnar](#). Hópatímar eru bæði úti og inni og það er nauðsynlegt að hafa alltaf góð útiföt meðferðis því við tökum upp á ýmsu skemmtilegu úti og okkur finnst ótrúlega gaman að drullumalla. Á veturna er gott að hafa kuldagalla og kuldaskó því okkur þykir ótrúlega gaman að fara út í öllum veðrum. Veðrið er svo skemmtilegt og alls konar. Hóparnir á kjarnanum koma svo saman á samverumottu í samverum sem er tíminn milli hópatíma og valtíma. Á samverumottum á hvert barn sinn stað, merktan með tölustaf. Í þessum samverum sitjum við öll saman og gerum ýmislegt skemmtilegt eins og að syngja og dansa, lesa saman sögu og ævintýri eða komum á sólina og látum ljós okkar skína. Við gerum allt sem okkur dettur í hug og það er sko margt því við erum mjög skapandi og skemmtileg.

## Kynjablöndun

Kynjaskiptingin er verkfærið okkar að jákvæðri og góðri blöndun kynjanna þar sem virðing og góð samskipti eru í fyrirrúmi.

Blöndun fer fram á margvíslegan hátt í hópatímum og er tímalengdin ekki aðal málið heldur innihaldið. Verkefni eru valin á þann hátt að annað kynið sé ekki betra eða þjálfaðra í verkefnum heldur er tryggt að allir mæti jafnir til leiks. Blöndun

getur verið margskonar, reglubundnar samvistir þar sem börnin eru æfð í að vera á sama stað á sama tíma, til dæmis á söngfundum og í útiveru. Bein samskipti er önnur leið þar sem börnin vinna saman verkefni og eru hópatímarnir nýttir í það. Blöndun í fjarlægð er ekki síður mikilvæg



þar sem almenn orðræða skiptir öllu máli, hvernig við tölum vini og vinkonur upp og bendum á hvað þau eru flink, glöð eða hraust. Sýning á getu er fjórða leiðin sem við notum. Þá æfa börnin eitthvað á sínum kjarna og láta svo ljós sitt skína, hvort sem það er tónlistaratriði, bakstur, tilraunir eða annað sem hópnum dettur í hug.

### Val - frjáls leikur á svæðum

Valið er frjálsi leikur barnsins og byrjar á formlegum valfundi þar sem börnin sitja saman á plássi og velja með þar til gerðum valspjöldum. Þau bíða eftir að röðin komi að þeim á meðan vinir eða vinkonur velja. Þau standa upp, kynna sig og velja fyrir sig. Þau æfa sig í mótlæti ef uppáhalds valsvæðið er orðið upptekið og æfa sig í að standa með vali sínu. Fullkomið kerfi er á hver byrjar í valinu og börnin fljót að læra það. Valsvæðin eru öll búin opnum efnivið og endalaust hægt að bæta inn ítarefni. Valsvæðin okkar eru leir, föndur, sull, kubbar, leikstofa og útisvæði.



### Skólafötin

Fötin sem nemendur og kennarar klæðast í skólanum okkar eru hluti af menningu Hjallastefnuskóla. Við erum öll í sama liðinu í þægilegum fötum sem auðvelt er að hreyfa sig í og gera börnum kleift að vera eins sjálfbjarga og hægt er. Fatnaður er merkingarbær og eru skólafötin mikilvægur þáttur í skólalífinu. Þegar börn eru í skólafötum tókum við frekar eftir þeim sjálfum en fötunum sem þau klæðast. Skólafötin skapa liðsheild, jafna aðstöðumun, koma í veg fyrir samkeppni og meting og eru jafnframt vinnufötin okkar. Bæði börn og kennarar klæðast skólafötum.

Inni á forsiðu skólans undir [skólaföt](#) er hægt að panta skólaföt og koma þau í skólann vikuna eftir pöntun - sjá nánar í skilmálum pöntunarsíðu.

Í ljósi þess að öll fötin í skólanum eru eins leggjum við mikla áherslu á að **föt barnanna séu vel merkt barninu sem á þau**. Þetta á við um skólafötin sem og útiföt sem gjarnan eru áþekk og eiga það til að fara frjálsglega um forstofurnar okkar.

### Forstofur

Hver eining hefur sína forstofu og hvor kjarni sinn hluta hennar, forstofurnar eru merktar hverri einingu fyrir sig. Töskur barnanna mega vera í efstu hillunni í hólfinu alla vikuna en fara heim í lok viku. Snaga og neðri hillu þarf að **tæma daglega**, þurr föt geta farið í töskuna í efstu hillu en taka þarf **blaut föt með heim til þurrkunar**. Foreldrar setja föt í hólfið barnanna að morgni og velja þá viðeigandi fatnað miðað við veður. Föt sem eru í hólfum og töskum eru þau föt sem eru í boði að nota í skólanum. Útifötin þurfa að vera þannig að barnið eigið auðvelt með að klæða sig sjálf til að stuðla að sjálfsbjörg. Skófatnaður þarf að vera við hæfi og nauðsynlegt að hafa stígvél alltaf með því sull úti er mjög skemmtilegt. Við forstofu kjarna barnsins er kjarnatafla þar sem má nálgast hinar ýmsu upplýsingar, s.s. hvað gert var í hópatímum dagsins og aðrar mikilvægar tilkynningar.

### Töskur barna

Hlý peysa

Ullar-/flísboxur

Góð húfa miðað við árstíð  
Regngalli/hlífðargalli/kuldagalli  
Úlpa  
Stígvél  
Kuldaskór/strigaskór  
Ullarsokkar/hlýir sokkar  
3-4 pör af vettlingum

Í töskum barnanna þurfa að vera aukaföt til skiptana  
2 buxur  
2 skólabólir  
2 sett af nærfötum  
2-3 pör af sokkum  
taupoki undir óhrein og blaut föt.

### **Að koma og fara**

Í upphafi dags fylgja foreldrar börnunum inn á eininguna þar sem kennari tekur á móti þeim. Mikilvægt er að foreldrar láti vita af því ef annar en þeir sækja börnin hvort sem það er í upphafi dags eða með skilaboðum í Karellen. Til þess að mega sækja barn í skólann þarf viðkomandi að vera orðinn 12 ára gamall.

### **Maturinn**

Maturinn í leikskólanum er fjölbreyttur og uppfyllir alla staðla Lýðheilsustöðvar um hollan mat fyrir börn og unninn frá grunni á staðnum. Börnin eru hvött til þess að smakka allan mat en þau eru aldrei þvinguð til þess að borða meira eða annað en þau hafa lyst á. Sjálfsagt er að bregðast við fæðuþoli eða öðrum sérþörfum og eru foreldrar þá í sambandi við þá sem starfa í eldhúsinu og finnið leið sem hentar best.

### **Foreldrafélag**

Við skólann er starfandi foreldrafélag sem stendur fyrir hinum ýmsu uppákomum hvert skólaár og styður fallega við starf leikskólans. Á hverju hausti er kosið í stjórn félagsins á aðalfundi þess og hvetjum við foreldra til þess að kynna sér starfið.

### **Foreldraráð**

Foreldraráð er einnig starfrækt við skólann og er hlutverk þess að skoða áætlanir og vera ráðgefandi við skipulag skólastarfsins. Í foreldraráði eru 3 fulltrúar, kosnir árlega að hausti.

### **Foreldrasamtöl**

Tvisvar á ári eru formleg foreldrasamtöl þar sem hópstjóri sest niður með foreldrum og þeir fara saman yfir framfarir barnsins. Samtölin eru á laugardegi, eitt á hvorri önn, í nóvember og mars. Börnin eru velkomin með í skólann og fá þá að leika á Miðstöð á meðan foreldrar bregða sér frá í samtali. Í einstaka skipti geta hópstjórar ekki verið þennan dag og taka þá samtölin aðra daga í samráði við foreldra.

Ávallt er í boði að óska eftir fleiri samtölum.

## **Heimasíða/Karellen**

Heimasíða leikskólans er lifandi fréttaveita með upplýsingum um starf skólans, matseðli, viðburðum, áætlunum og áherslum Hjallastefnunnar. Á heimasíðunni er einnig læst svæði fyrir foreldra sem geymir allar ljósmyndir af barninu, skilaboð frá kennurum og viðburðadagatal skólans.

Smáforritið/appið Karellen tengist foreldrasvæði heimasíðunnar beint og þar geta foreldrar t.d. skráð barnið í leyfi eða látið vita af veikindum og sent kennara barnsins skilaboð. Lykilorðið inn á læsta svæðið og smáforritið getið þið sótt á karellen.is á því netfangi sem skráð er hjá leikskólanum.

Foreldrar fá reglulega tölvupósta frá skólanum með fréttum af starfinu og því sem er á döfnni í skólanum. Þar að auki senda hópstjórar í lok hverrar viku póst til foreldra barna í hópnum og segja frá vikunni og því sem er framundan. Mikið er tekið af myndum og er gaman að skoða þær með börnunum og rifja upp með þeim.

Rafræn foreldrakönnun er send með tölvupósti árlega og í henni leitumst við eftir áliti foreldra á starfi skólans og samskiptum við kennara barnsins og stjórnendur.

## **Fjarvistir barna, veikindi, slys og lyfjagjafir**

Við viljum benda foreldrum á að leikskólastarfið er skipulagt með það í huga að öll börn geti tekið þátt í starfinu bæði úti og inni. Þegar barn kemur aftur í leikskólann eftir veikindi getur það í undantekningartilfellum fengið að vera inni í 1-2 daga ef það hentar starfinu, annars er í boði að fara stutt út með tilliti til veikinda. Hópatímar eru alla daga skipulagðir bæði inni og úti og því erfitt að halda heilum hóp inni allan daginn.

Ef barnið þarf einhverra hluta vegna að taka lyf er mikilvægt að haga lyfjagjöfnni þannig að lyfin séu gefin heima, nema annað sé óhjákvæmilegt.

Ef barn veikist í leikskólanum er foreldrum gert viðvart og hlúð að barninu þar til foreldrar sækja það. Ef ekki næst í foreldra er haft samband við tengilið sem foreldrar hafa gefið upp.

Ef óhöpp verða í skólanum eru foreldrar látnir vita af því og í framhaldinu sammælt um hvað gera skal. Í öllum slysatilfellum þar sem vafi er á um greiningu er hringt í 112 og leitað ráða. Öll slys eru skráð á slysaskýrslur og haldið utan um það í Karellenkerfinu.

## **Svefn og hvíld**

Svefn og hvíld er barni nauðsynleg, ekki síst á fyrstu árum ævinnar þegar vöxtur og þroski er sem örastur. Þreytt barn á erfitt með að takast á við langan vinnudag í leikskólanum. Lögð er áhersla á að öll börn eigi kyrrláta hvíldarstund á degi hverjum þar sem þau ýmist sofa, hlusta á sögu eða rólega tónlist. Með því að hlúa að svefnvenjum þeirra hlúum við í leiðinni að líkamlegri og andlegri heilsu þeirra.

## **Bílastæðin**

Við biðjum foreldra að skilja bíla ekki eftir í gangi á bílastæðum skólans svo að loftið við leikskólann sé hreint og gott. Mikilvægt er að leggja löglega við skólann. Hægt er að koma að



skólanum bæði frá Þórunnarstræti og Helgamagrastræti. Þar sem stæðin okkar við Þórunnarstrætið eru fá og aðkoman þröng biðjum við um að ekki séu myndaðar biðraðir í innkeyrslunni sem teppa enn meira umferðina. Hægt er að leggja í stæðin meðfram Þórunnarstræti á mesta annatíma.

### **Að lokum**

Við hvetjum ykkur kæru foreldrar til að koma til okkar með öll mál sem ykkur liggur á hjarta varðandi barnið ykkar. Þegar kemur að velferð barnsins skiptir allt máli og með því að ræða málin við okkur fáum við tækifæri til að bregðast við, gera betur og finna leið í sameiningu til að öllum líði vel.

Það er okkar einlægi vilji að barninu og ykkur líði vel með skólann. Við erum ávallt þakklát þegar foreldrar treysta okkur og koma með öll mál til okkar, þetta traust gefur okkur tækifæri til að bregðast við og gera betur.

Saman gerum við góðan skóla.

Við hvetjum ykkur til að kynna ykkur heimasíðu skólans [holmasol.hjalli.is](http://holmasol.hjalli.is) og eins aðalsíðu Hjallastefnunnar [hjalli.is](http://hjalli.is) þar má finna mikinn fróðleik og lesefni um stefnuna og starfið okkar.

Eins bendum við á vefmiðlana :

<https://www.facebook.com/hjallastefnan/>

<https://www.instagram.com/hjallastefnan.is/>

<https://open.spotify.com/show/18hI067WVvF5ojJvtpLZJ>